



Fjölbrautaskóli
Suðurlands
Haustönn 2023

ÞÝSK1AA05

Kennari:	Brynja Ingadóttir (brynja@fsu.is)	Sk.st.	BI
----------	-----------------------------------	--------	----

Áfangalýsing:

Þar sem þetta er byrjunaráfangi, er megináhersla lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Strax frá upphafi eru nemendur þjálfaðir í lesskilningi ásamt samskiptaþáttunum tali, hlustun og ritun.

Áhersla er lögð á réttan framburð, uppbyggingu orðaforða og að þjálfa grunnatriði málfræðinnar. Fléttað er inn í kennsluna menningu þýskumælandi landa. Til að þjálfa ofantalin atriði geta m. a. eftirfarandi efnisþættir legið til grundvallar í kennslu:

Kynning á sjálfum sér og öðrum, að heilsa og kveðja, fjölskylda og fjölskyldutengsl, aldur, uppruni, búseta, tómstundir og áhugamál, starf, þjóðerni, lönd og tungumál, enn fremur hús og hóbýli, tölur, dagar, mánuðir, árstíðir og veður.

Aðrir efnisþættir eru matur og drykkur, matarvenjur, máltíðir og innkaup, skoðanir (að líka/mislíka), klukkan og tímasetningar.

Áhersla er lögð á að nemendur tjái sig sem mest á þýsku í töluðu og rituðu máli.

Sérstök áhersla er lögð á að nemendur beri ábyrgð á sínu eigin námi og sýni sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skapandi hugsun.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins
- mannlífi, menningu og siðum í löndum þar sem tungumálið er talað sem móðurmál/fyrsta mál og þekkja samskiptavenjur
- grundvallarþáttum málkerfisins
- formgerð og byggingu texta og mismuninum á töluðu og rituðu máli

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er skýrt og áheyrilega
- lesa ýmiss konar texta á eigin áhugasviði eða texta um kunnugleg efni og beita viðeigandi aðferðum eftir því hver tilgangur með lestrinum er hverju sinni
- taka þátt í einföldum samræðum um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og beita kurteisissvenjum, málvenjum og hljómfalli við hæfi
- beita orðaforða á skýran og sem réttastan hátt hvað varðar málvenjur, framburð, áherslur og hljómfall
- skrifa samfelldan texta um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og nota viðeigandi málfr
- fara eftir grundvallarreglum sem gilda um ritað mál
- nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- greina einfaldar upplýsingar þegar talað er hægt og skýrt
- velja rétt samskiptaform miðað við aðstæður hverju sinni
- vinna úr textum á mismunandi hátt eftir því hver tilgangurinn er með lestri hverju sinni
- átta sig á innihaldi stuttra blaðagreina og texta
- skipuleggja nám sitt og námsaðferðir
- meta vinnulag og framfarir í áfanganum
- vera meðvitaður um hvaða leiðir nýtast best til að tileinka sér þýska tungu

Námsefni:

- **Netzwerk neu A1 (Klett/Langenscheidt)**
- **Lausblaðamappa og A4 gormastílabók eða laus blöð**
- Ýmis konar ítarefni frá kennara
- Orðabækur www.snara.is, www.dict.cc
- Smáforritið Duolingo
- Gagnvirkar æfingar í Innu.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Tímabil:	Viðfangsefni:	Próf og verkefni:
18. ágúst – 17. sept.	Netzwerk neu A1: Kapitel 1 - 2 Hlustunarverkefni	Kaflapróf: Kapitel 1 + 2 Hlustun + lestur + ritun + munnlegt
18. sept. – 15. okt.	Netzwerk neu A1: Kapitel 3 Hlustunarverkefni	Kaflapróf: Kapitel 3 Hlustun + lestur + ritun + munnlegt
16. okt. – 12. nóv.	Netzwerk neu A1: Kapitel 4 Hlustunarverkefni	Kaflapróf: Kapitel 4 Hlustun + lestur + ritun + munnlegt
13. nóv. – 6. des.	Netzwerk neu A1: Kapitel 5 Hlustunarverkefni	Kaflapróf: Kapitel 5 Hlustun + lestur + ritun Munnlegt próf

Í þessum áfanga er símat og ekki lokapróf. Það er því mikilvægt að nemendur sinni náminu vel alla önnina, taki öll próf og skili öllum verkefnum. Unnið er út frá niðurstöðum þeirra að betri vinnubrögðum og aukinni færni í tunumálinu.

Námsmatið byggir á öllum færnisþáttum tungumálsins; **hlustun, lesskilningi, munnlegri færni og ritun**. Eftir hvern kafla í kennslubók verður próf úr málfræði og orðaforða kaflans.

Einnig verða ritunarverkefni og munnleg próf/verkefni sem tengjast efni kaflanna.

Kennsluefni áfangans (utan kennslu- og verkefnabókar) er aðgengilegt nemendum í Innu.

Lausnir verkefna í vinnubók er einnig aðgengilegt í Innu. Mikilvægt er að nemendur nýti sér það efni við gerð verkefna og til upprifjunar fyrir próf.

- Öllum verkefnablöðum skulu nemendur safna og raða í tímaröð í eina möppu.
- Útskýringar sem kennari setur á töflu eiga nemendur að glósa og eiga í möppunni.
- Möppuna og kennslubækur eiga nemendur alltaf að hafa með í kennslustundir.
- Missi nemandi af kennslustund ber honum að vinna skv. áætlun í Innu.

Námsmat:

Kaflapróf	50%	Hlustun	10%
Ýmis verkefni	25%	Munnleg færni	15%

ATH!

Góð mæting, virk þátttaka í kennslustundum og sjálfstæð vinnubrögð eru lykillinn að árangri í námi. Heimanámi skulu nemendur sinna vel.

ATH!

Í þessum áfanga er lagður mikilvægur grunnur að þýskunámi næstu anna. Þess vegna er afar mikilvægt að stunda námið jafnt og vel frá upphafi, því enginn tími gefst til að vinna upp það sem áður hefur verið farið í; stöðugt bætist við orðaforðann og ný málfræðiatríði eru kynnt til sögunnar.

ATH!

Mætingarskylda er bæði í fjarnámi og staðnámi, nema tilkynning berist um annað. Ef kennslustund fellur niður, eru verkefni í Innu sem nemendur eiga að vinna og skila. Nemendur verða að fylgjast vel með í Innu. Ef nemandi missir af prófi eða tímaverkefni ber honum að ljúka því í skrap tíma eða semja um tímasetningu þess við kennarann.

ATH!

Nemendur sem verða uppvísir að notkun google translate í ritunarverkefnum fá einkunnina 0 fyrir verkefnið.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 16. ágúst 2023

Brynja Ingadóttir